

Breyting

á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

3. málsgrein 1. greinar í gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað frá 5. desember 1914, orðist þannig:

Gjaldið fyrir strauminn er bæjarstjórninni þó heimilt að hækka eða lækka um alt að 50% frá því, sem það er sett hér að framan, og fyrir götuljós og ljós til húseigna og bryggju bæjarins ákveður bæjarstjórnin sjálf gjaldið.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum 20. október 1913, um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 30 september 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjermeð sett eftirfarandi fyrirmæli:

1. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið, er bannað að selja til útlanda eða gjöra samninga um sölu til útlanda á íslenskum afurðum, sem framleiddar verða á árinu 1919.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 500,000 krónum. Bæði sá, sem selur eða lofar að selja vörur þær, sem greindar